

RÍKISENDURSKOÐUN

Tryggingastofnun ríkisins

Endurskoðun 2020

Endurskoðunarskýrsla

Desember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.


Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Tryggingastofnunar ríkisins var síðast endurskoðaður 2017 vegna ársins 2016.


Efnisyfirlit

Inngangur	2	8	Endurskoðun rekstrarliða	13
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020	4	8.1	Rekstrartekjur	13
2 Ábendingar og athugasemdir.....	5	8.2	Rekstrarkostnaður	13
3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	6	8.3	Niðurstöðu.....	13
3.1 Viðbrögð Tryggingastofnunar ríkisins	6	9	Endurskoðun efnahagsliða.....	14
4 Áhættumat og mikilvægi	7	9.1	Efnahagsreikningur	14
5 Fjárveiting og rekstur	8	9.2	Eignir	14
5.1 Fjárveitingar	8	9.3	Eigið fé og skuldir	14
5.2 Rekstraráætlun.....	8	9.4	Niðurstöður/ábendingar	15
5.3 Niðurstaða.....	9	10	Önnur atriði.....	16
6 Innra eftirlit.....	10	10.1	Ársreikningur og staðfestingarbréf.....	16
6.1 Inngangur	10	10.2	Óhæðisyfirlýsing.....	16
6.2 Umfjöllun	10			
6.3 Niðurstöður/ábendingar.....	11			
7 Fylgni við lög og reglur	12			
7.1 Inngangur	12			
7.2 Umfjöllun	12			
7.2 7.3 Niðurstöður.....	12			

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020



Eigið fé í lok árs



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

Yfirdráttur á bankareikningum. Gerð er athugasemd við yfirdrátt stofnunarinnar á bankareikningum í Seðlabanka Íslands í árslok 2020 en samkvæmt reglum er A-hluta stofnunum óheimilt að vera með slíkan yfirdrátt. Á móti er stofnunin með inneign hjá ríkissjóði. Lagt er til að rætt verði við Fjársýslu ríkisins um bættu sjóðsstýringu þannig að ekki þurfi að koma til yfirdráttar á bankareikningum.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

3.1 Viðbrögð Tryggingastofnunar ríkisins

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Tryggingastofnun ríkisins vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar voru vegna endurskoðunar 2020, sjá niðurstöður í kafla 2 og aðrar ábendingar í skýrslunni.

1. Yfirdráttur á bankareikningum

„Stofnunin sendi erindi til Fjárslu ríkisins 7. febrúar sl. og óskaði eftir að fá fjárframlagið greitt mánaðarlega, þ.e. sem nemur mismuninum á launagreiðslum og fjárheimild.“

2. Aðrar ábendingar

„Tryggingastofnun sendir ávallt rafræna reikninga í gegnum AR kerfi stofnunarinnar fyrir utan reikninga sem fara á fjárlagaliðina 07 831 Eftirlaunasjóður aldraðra og 07 983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Ástæðan er sú að þessir fjárlagaliðir geta ekki móttekið rafræna reikninga til samþykktar. Ef það á að vera hægt þarf að setja upp sérstakt AP kerfi fyrir þessa fjárlagaliði til að taka á móti rafrænum reikningum úr AR kerfi Tryggingastofnunar með tilheyrandi forritunarkostnaði fyrir stofnunina. Í ljósi þess að um er að ræða einn reikning á ári og nokkuð lágar fjárhæðir hefur þetta ekki þótt svara kostnaði.“

„Að öllu jöfnu er beiðni um endurgreiðslu VSK send til Skattsins um tveimur mánuðum eftir að uppgjörstímabili lýkur og reynt að haga þessum málum þannig að aðeins sé eitt tímabil útstandandi í árslok. Á

árinu 2020 sendi stofnunin beiðni til Skattsins um endurgreiðslur en það hefði mátt fylgjast betur með að greiðslurnar bærust til TR innan eðlilegra tímamarka.“

„Í ársuppgjöri ársins 2020 var gerð afstemming á viðskiptamannabókhalda og fjárhagsbókhalda sem stemmdi. Á síðustu stigum uppgjörins var ákveðið að bóka ofangreindar afskriftir en það fórst fyrir að skoða áhrif þessara afskrifta á afstemminguna. Í ljós kom snemma á árinu 2021 að það hafði myndast mismunur vegna afskriftanna sem var leiðréttur þann 1. apríl 2021.“

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Tryggingastofnunar ríkisins eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Tryggingastofnun sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 31 m.kr. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesenda

reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Tryggingastofnunar ríkisins vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 nam 1.356,7 m.kr. Þar var gert ráð fyrir 15,3 m.kr. rekstrartekjum og 1.341,4 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar fékk stofnunin 30 m.kr. í fjárukalögum vegna nýrra laga um félagslegan viðbótarstuðning. Millifærslur af öðrum fjárlagaliðum námu 32,2 m.kr. vegna launabóta og 28,2 m.kr. vegna Covid-19 og annarra verkefna. Tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 39,6 m.kr. Endanleg fjárveiting fyrir árið 2020 nam því 1.471,4 m.kr.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur	-15.300	-45.526	30.226	-68.579
Launagjöld	1.031.900	1.069.290	-37.390	1.002.371
Önnur rekstrargjöld	400.100	416.933	-16.833	526.934
Afskriftir	39.575	39.575	0	45.926
Rekstrartilfærslur	15.100	0	15.100	0
Samtals	1.471.375	1.480.273	-8.897	1.506.653

Afkoma ársins hjá Tryggingastofnun var neikvæð um 8,9 m.kr. á árinu sem skýrist einkum af því að launagjöld voru hærri en gert var ráð fyrir en á móti vegur að rekstrartekjur voru hærri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða lækkar milli ára um 26,4 m.kr.

5.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Tryggingastofnun fékk 42,7 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020 en auk þess fékk stofnunin viðbótarframlag að fjárhæð 7,5 m.kr. sem ætlað var til þróunar stýrikerfis á vegum Tryggingastofnunar. Samkvæmt ársreikningi 2020 var 14,3 m.kr. ráðstafað umfram fjárveitingu til fjárfestingar í upphafi ársins og á árinu 2020 var 15,2 m.kr. ráðstafað til eignakaupa. Ónotuð fjárveiting til fjárfestingar var því 20,7 m.kr. í lok árs 2020.

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2020 og var hún færð inn í Orra. Reglulega er farið yfir frávik frá rekstraráætlun innan ársins.

5.3 Niðurstaða

Eftirfarandi niðurstöður komu fram varðandi fjárveitingar stofnunarinnar:

Afkoma ársins var neikvæð um 8,9 m.kr. og uppsafnaður höfuðstóll nam 8,8 m.kr. í árslok 2020. Rekstraráætlun er skráð í Orra og reglulega er farið fyrir frávik frá rekstraráætlun innan ársins. Ónotuð heimild til fjárfestingar nam 20,7 m.kr. í lok árs 2020.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Forstjóri Tryggingastofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

6.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirlit hjá Tryggingastofnun ríkisins voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit vera í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina og skráðar verklegsreglur fyrir starfseminna eru til staðar í gæðakerfi. Skráðir verkferlar og reglur eru til um bókhald og fjárreiður svo og launa- og mannauðsmál. Jafnlaunavottun er fyrirbyggjandi hjá stofnuninni.

AR kerfi Orra er notað til að gefa út tekjуреikninga. Eins og fram kemur í kafla 7 voru tekjуреikningar vegna umsýslukostnaðar Tryggingastofnunar ekki gerðir á árinu 2020 og er mælst til að stofnunin geri það framvegis.

Mannauðsstjórnun og launavinnsla er í föstum skorðum hjá stofnuninni. Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Laun eru skráð í HR hluta ORRA og er launasetning unnin í samræmi við skráðan verkferil. Launafulltrúi sér um

launavinnslu. Þeir sem hafa skráningaraðgang í launakerfinu auk launafulltrúa eru mannauðsstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs.

Yfirmenn fara yfir og samþykkja tímaskráningar í hverjum mánuði. Allar breytingar á launaforsendum hafa verið sendar með tölvupósti frá mannauðsstjóra eða með breytingasamningi í ORRA. Ef launabreytingar eru ekki innan stofnanasamninga eru þær samþykktar af forstjóra. Á miðju ári 2021 tók Tryggingastofnun í notkun rafræna ráðningarsamninga og breytingarbeiðnir á ráðningarsamningum og eru þá allar breytingar gerðar í Aski. Framkvæmdastjórar þurfa að samþykkja rafrænt allar breytingarnar ásamt mannauðsstjóra. Rafrænu ráðningarsamningarnir eru undirritaðir rafrænt af viðkomandi starfsmanni og mannauðsstjóra.

Eftirlit með mánaðarlegri launavinnslu er þannig að mannauðsstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs fara yfir launavinnsluna og þær breytingar sem eru með launafulltrúa. Allar breytingar á launavinnslu milli mánaða eru skjalaðar og vistaðar í skjalakerfi TR.

Hjá Tryggingastofnun eru til ýmis gæðaskjöl um mannauðsmál. Skjölin eru ýmist í formi verklagsreglna, leiðbeininga, eyðublaða og stefnuskjala. Gæðaskjölin eru rýnd og endurútgefin reglulega. Við endurskoðun voru skoðuð ýmis gæðaskjöl t.d. um: Launasetningu starfsfólks, ráðningaferil, styttingu vinnuvikunnar hjá TR og viðverustefnu TR.

Starfsmenn á rekstrarsviði sjá um bókun og greiðslu útgjaldareikninga eftir að samþykki liggur fyrir. Reikningar eru samþykktir af ábyrgðaraðilum í rafrænu ferli. Aðgreining er á milli starfa bókara og gjaldkera. Nokkrir tilgreindir starfsmenn stofnunarinnar hafa innkaupakort sem þeir nota við kaup á vörum og þjónustu. Settar hafa verið reglur um notkun kortanna hjá stofnuninni. Ferðauppgjörskerfi er notað við skráningu og uppgjör ferðareikninga.

Innkaupastefna er fyrirliggjandi hjá stofnuninni og Tryggingastofnun kaupir vörur og þjónustu samkvæmt rammamningum þar sem því er við, komið, ýmist með verðfyrirspurnum eða örútbodum. Lögð hafa verið drög að nýrri upplýsingatæknistefnu fyrir Tryggingastofnun.

Aðgangsheimildir starfsmanna í Orra eru almennt í samræmi við ábyrgðasvið þeirra og samkvæmt verklagsreglu sem í gildi er. Farið er yfir

aðgang starfsmanna tvisvar sinnum á ári til að tryggja að aðgangur að kerfum sé réttur.

Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi Orra.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Tryggingastofnun ríkisins er án athugasemda. Fjölmargir þættir stuðla að virku innra eftirliti hjá stofnuninni en verkferlar og reglur vegna starfseminnar eru til staðar í sérstöku gæðakerfi.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

7.2 Umfjöllun

7.2.1 Ferða- og risnukostnaður

Ferðakostnaður var í lágmarki á árinu 2020 hjá stofnuninni vegna Covid-19. Stofnunin notar ferðareikningakerfi Orra vegna erlends ferðakostaðar. Hjá stofnuninni er reglan sú að innlendir ferðakostnaður greiddur skv. reikningum. Nánast enginn kostnaður er vegna ferða innanlands á árinu 2020. Engin risna er bókfærð hjá stofnunni að frátöldu framlagi og risnu til starfsmannafélags.

7.2.2 Opinber innkaup

Stofnunin hefur sett innkaupastefnu og fylgir lögum um opinber innkaup. Stofnun nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa þar sem það á við. Verið er að leggja drög að nýrri upplýsingastefnu fyrir stofnunina sem mun væntanlega hafa jákvæð áhrif á kaup á þjónustu Tryggingastofnunar vegna upplýsingatækni.

7.2.3 Innkaupakort

Stofnunin er með skriflegar reglur um innkaupakort. Kortin eru hugsuð fyrir tilfallandi smáinnkaup og ferðakostnað auk þess að hægt er að nota þau fyrir fasta reikninga svo sem hugbúnaðarleyfi og áskriftir ef það telst hagkvæmt. Sex starfsmenn Tryggingastofnunar eru með innkaupakort. Reikningum vegna innkaupa er skilað til bókhalds sem sér um bókun og afstemmingu við banka. Skoðun á fyrirkomulagi og greiðslum á árinu 2020 var án athugasemda.

7.2.4 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við Fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts færast til eignar á endurgreiðslureikning virðisaukaskatts.

7.2 7.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Tryggingastofnun ríkisins fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

8 Endurskoðun rekstrarliða

8.1 Rekstrartekjur

Tekjur ársins námu 45,5 m.kr. árið 2020 að frátöldum fjárveitingum ársins. Lækkunin milli ára var 23,1 m.kr.

Framlög og ýmsar tekjur námu 40,6 m.kr. á árinu 2020 en m.a. er um er að ræða erlend rekstrarframlög frá norrænu ráðherraefndinni og EESSI (rafræn samskipti við systurstofnanir á evrópska efnahagssvæðinu) samtals 19,1 m.kr., innlend rekstrarframlög 6,2 m.kr. vegna sumarvinnu námsmanna, greiðslur vegna umsýslu Tryggingastofnunar með eftirlaunasjóði aldraðra og fjárlagaliðnum foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna samtals 12,9 m.kr. Gerð er athugasemd við að ekki voru gefnir út reikningar í AR vegna umsýslukostnaðar Tryggingastofnunar með eftirlaunasjóði aldraðra og fjárlagaliðnum foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Tekjur vegna seldrar þjónusta námu 4,9 m.kr. á árinu 2020 en um er að ræða selt fæði til starfsmanna og verktaka hjá stofnuninni.

8.2 Rekstrarkostnaður

8.2.1 Launakostnaður

Laun og launatengd gjöld að meðtöldum starfsmannakostnaði námu 1.069,3 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 1.002,4 m.kr. á fyrra ári og hækkuðu um 66,9 m.kr. eða 6,7% milli ára. Stöðugildum fækkaði úr 97,2 í 93,7 milli ára þannig að heildarlaun á ársverk hækkuðu um 11,1% milli ára.

Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum, fyrirspurnum og skoðun á ráðningarsamningum og öðrum gögnum til staðfestingar á útborguðum launum. Tekið var úrtak fyrir 10 starfsmenn og gögn að baki launaútborgun 1. nóvember 2020 skoðuð án athugasemda.

8.2.2 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld að frátöldum starfsmannakostnaði námu 456,5 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 572,8 m.kr. á fyrra ári eða lækkun um 116,3 m.kr. Helstu kostnaðarliðir á árinu 2020 voru tölvu- og kerfisfræðipjónusta 294,4 m.kr sem lækkaði um 95,9 m.kr. milli ára og húsaleiga og aðkeypt ræsting sem nam 107,5 m.kr. samanborið við 95,9 m.kr. á fyrra ári.

Tölvuþjónusta hjá Tryggingastofnun ríkisins er margþætt og eru samningar í gildi við nokkur hugbúnaðarfyrirtæki vegna hennar. Stofnunin kaupir einnig vörur og þjónustu og þar með talið tölvubúnað samkvæmt rammasamningum Ríkiskaupum eftir því sem við verður komið, verðfyrirspurnum eða örútboðum.

8.3 Niðurstöður

Skoðun rekstrarliða er að mestu leyti án athugasemda.

Gerð er athugasemd við að ekki voru í öllum tilvikum gefnir út reikningar vegna innheimtu tekna á árinu 2020 og stofnunni bent á að gefa út tekjureikninga í AR vegna innheimtu tekna.

9 Endurskoðun efnahagsliða

9.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2020 námu eignir 1.048,7 m.kr., skuldir námu 1.039,9 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 8,8 m.kr.

9.2 Eignir

9.2.1 Fastafjármunir

Eignfærsla hefur verið gerð frá og með árinu 2017, ásamt öðrum breytingum, í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignakerfi í Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

Fastafjármunir námu 140,3 m.kr. í árslok 2020. Um er að ræða áhöld, tæki, búnað, farartæki og aðrar eignir. Bókfært virði í eignaskrárkerfi (FA) er í samræmi við bókfært virði í fjárhagsbókhaldi (GL) í árslok 2020.

9.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir námu 908,4 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 500,7 m.kr. í árslok 2020. Að stærstum hluta er um að ræða kröfur á tengda aðila, 851,2 m.kr. en auk þess námu aðrar kröfur 49,6 m.kr, handbært fé nam 7,2 m.kr. og aðrar kröfur 0,5 m.kr.

Kröfur vegna tengdra aðila skiptast þannig að 748,2 m.kr. eru vegna inneignar stofnunarinnar hjá ríkissjóði, 90 m.kr. eru vegna orlofsskuldbindingar og 13,5 m.kr. eru viðskiptakröfur hjá öðrum A-hluta stofnunum, aðallega vegna umsýslukostnaðar. Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindingar var færð á árinu 2017 sem áfallin orlofsskuldbinding samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

Aðrar kröfur námu 49,6 m.kr. í árslok 2020. Um er að ræða kröfur á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þjónustu fyrir nokkur eldri tímabil árána 2020 og 2019. Kröfurnar voru gerðar upp og greiddar á fyrri hluta árs 2021. Ríkisendurskoðun bendir stofnuninni á að haga þessum uppgjörum framvegis með reglubundnum hætti í takt við uppgjörstímabil virðisaukaskatts.

Staða krafna skv. viðskiptamannabókhaldi (AR) í lok árs var 69,8 þús. kr. Staða í fjárhagsbókhaldi (GL) var í samræmi við stöðu í AR.

Handbært fé

Handbært fé nam 7,2 m.kr. í árslok 2020.

Innistæða á þremur bankareikningum stofnunarinnar stemmir við bókhald í árslok. Samkvæmt bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins var staða á tveimur reikningum í Seðlabanka Íslands og einum reikningi í Kviku banka og fengust þær stöður staðfestar með svörum frá bönkunum. Báðir reikningarnir í Seðlabankanum voru með yfirdrátt í árslok 2020 og er nánar fjallað um það í kafla 9.3.2.

9.3 Eigið fé og skuldir

9.3.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll Tryggingastofnunar var jákvæður 8,8 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 17,7 m.kr. árið á undan. Breyting á höfuðstól nemur 8,9 m.kr. eða sem nemur rekstrarhalla ársins 2020.

Ónotuð fjárveiting til fjárfestingar var 20,7 m.kr. í lok árs 2020.

9.3.2 Skuldir

Skuldir námu 1.039,9 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 647,7 m.kr. í árslok 2020. Um er að ræða 685,6 m.kr. skuld við lánastofnanir, frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda nam 161 m.kr., orlofsskuldbindingar námu 134,4 m.kr. og viðskiptaskuldir námu 58,3 m.kr.

Viðskiptaskuldir í lok árs 2020 samkvæmt viðskiptamannabókhalda (AP) að fjárhæð. 59.593.725 kr. voru ekki í samræmi við stöðu í fjárhagsbókhalda (GL). Þannig voru viðskiptaskuldir 366.564 kr. hærri í fjárhagsbókhalda eða 59.960.289 kr. sem skýrist af því að eldri kreditreikningar frá nokkrum birgjum á árabílinu 2004–2007 voru færðir út í fjárhagsbókhalda en ekki í viðskiptamannabókhalda. Gerð er athugasemd við þessar færslur en allar leiðréttingar og niðurfærslur þarf að færa í gegnum viðskiptamannabókhalda en ekki færa með þessum hætti úr fjárhagsbókhalda. Leiðréttingar voru gerðar vegna þessa á árinu 2021 og stemmir viðskiptamannabókhalda (AP) við fjárhagsbókhalda (GL) í árslok 2021.

Lánastofnanir

Yfirdráttur á bankareikningum í Seðlabanka Íslands nam 685,6 m.kr. í árslok 2020. Ríkisendurskoðun ítrekar fyrri ábendingar vegna þessa en samkvæmt reglum um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta, nú reglugerð nr. 822/2021 um sjóðsstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs, er ríkisstofnunum óheimilt að fjármagna rekstur sinn með þessum hætti. Bent er á að inneign stofnunar hjá ríkissjóði nam 748,2 m.kr. í árslok 2020. Lagt er til að stofnunin ræði við Fjársýslu ríkisins um bættu sjóðsstýringu.

9.4 Niðurstöður/ábendingar

Niðurstaða endurskoðunar efnahagsliða er eftirfarandi:

Ríkisendurskoðun bendir stofnuninni á að haga uppgjöri af endurgreiddum virðisaukaskatti af þjónustu framvegis með reglubundnum hætti í takt við uppgjörstímabil virðisaukaskatts.

Gerð er athugasemd við yfirdrátt stofnunarinnar á bankareikningi í Seðlabanka Íslands í árslok 2020 en samkvæmt reglum er A-hluta ríkisstofnunum óheimilt að vera með slíkan yfirdrátt. Á móti á stofnunin inneign hjá ríkissjóði. Lagt er til að rætt verði við Fjársýslu ríkisins um bættu sjóðsstýringu þannig að ekki þurfi að koma til yfirdráttar á bankareikningum stofnunarinnar.

10 Önnur atriði

10.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Forstjóri og stjórn Tryggingastofnunar ríkisins undirritaðu ársreikning stofnunarinnar rafrænt á tímabilinu 18. – 27. maí 2021. Forstjóri undirritaði staðfestingarbréf stjórnenda 18. maí 2021.

10.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Tryggingastofnun ríkisins.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is